



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík, 4. desember 2025

Efni: Brottfararstöð

Vísað er til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 13. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna vegna frumvarps til laga um brottfararstöð, mál nr. 230.

Í frumvarpi því sem hér um ræðir er kveðið á um brottfararstöð og heimild til að vista þar útlendinga, þar á meðal börn. Samkvæmt frumvarpinu eiga sérreglur að gilda um börn og vistun þeirra á brottfararstöð. Um lokað úrræði er að ræða og eru þeir einstaklingar sem þar eru vistaðir því frelsissviptir. Í sameiginlegri almennri athugasemd barnaréttarnefndarinnar og nefndar um réttindi farandverkafólks og fjölskyldna þeirra frá 2017 kemur fram að barnaréttarnefndin líti svo á að frelsissvipting (e. detention) barns vegna innflytjendastöðu (e. immigration status) þess eða foreldra þess sé brot á réttindum barna og sé ekki í samræmi við bestu hagsmuni barns. Nefndin tekur jafnframt fram að hvers konar frelsissvipting barns á grundvelli innflytjendastöðu eigi að vera bönnuð með lögum.¹ Þá gáfu samtök umboðsmanna barna í Evrópu (ENOC) út yfirlýsingu í september 2019 þar sem fram kemur að það brjóti gegn réttindum barna að frelsissvipta þau á grundvelli innflytjendastöðu og er þar sérstaklega vísað til 2., 3. og 37. gr. Barnasáttmálans og einnig 3., og 5. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. ENOC hvetur þar ríki Evrópu til þess að lögfesta bann við frelsissviptingu barna á grundvelli innflytjendastöðu.²

Í greinargerð með frumvarpi þessu kemur fram að það hafi verið samið að fyrirmynd norskra laga. Í lok árs 2017 var opnuð brottfararstöð fyrir fjölskyldur og fylgdarlaus börn í Noregi sem ber heitið Haraldvangen og er í Hurdal. Þessi brottfararstöð er lokað úrræði sem rekið er af

¹ [Joint general comment 2017 CRC.](#)

² [Position Statement ENOC.](#)

lögreglunni en starfsfólkið er ekki einkennisklætt. Þar er pláss fyrir tvær fjölskyldur í senn, 10 manns í allt. Hver fjölskylda hefur tvö herbergi og eigið baðherbergi til umráða en þau hafa einnig aðgang að sameiginlegu rými sem þau deila með annarri fjölskyldu. Þá hafa þau aðgang að stóru útisvæði og hægt er að fara með börnin á leiksvæði í nágrenninu og á fótboltavöll. Sú framkvæmd að felsissvipta börn á Haraldvangen hefur sætt gagnrýni bæði innan Noregs og hjá alþjóðasamfélaginu. Í Noregi hefur sérstök nefnd eftirlit með þvinguðum brottvísunum og brottfararstöðvum (e. the Norwegian National Supervisory Board for Forced Returns and the Immigration Detention Centre). Í skýrslu nefndarinnar frá 2024 kemur fram að nefndin telji rétt að hætt verði að frelsissvipta börn á brottfararstöðinni í Haraldvangen í samræmi við alþjóðleg tilmæli.³ Þá kemur fram, í lokaathugasemdum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna frá 2025 vegna sjöundu skýrslu Noregs til nefndarinnar, að barnaréttarnefndin hafi áhyggjur af frelsissviptingu (e. detention) barna í útlendingamálum og beinir þar nefndin þeim tilmælum til Noregs að banna frelsissviptingu barna í tengslum við útlendingamál.⁴

Að öllu þessu virtu er það mat umboðsmanns barna að ákvæði þessa frumvarps sem kveða á um að börn verði vistuð á brottfararstöð samræmist ekki réttindum barna og ákvæðum Barnasáttmálans.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna

³ [Annual Report](#), bls. 5.

⁴ [Concluding observations Norway 2025](#), bls. 13.